

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um sjóðinn. Það er ekki markaðssetningarefni. Þessar upplýsingar eru áskildar skv. lögum til að auðvelda þér að skilja eðli sjóðsins og þá áhættu sem felst í að fjárfesta í honum. Mælt er með því að þú lesir upplýsingarnar svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta.

Total Return Credit Fund, undirsjóður Standard Life Investments Global SICAV í sterlingspundum, safnbref í A-flokki (ISIN:LU1523963418). Flokkurinn er áhættuvarinn í evrum og verðið er í evrum. Rekstrarfélagið er Aberdeen Global Services S.A.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að ná fram langtímavexti með fjármagnstekjum og endurfjárfestingu tekna. Í eignasafninu eru yfirleitt skuldabréf með hárrí ávöxtun, þar á meðal ríkisskuldabréf og skuldabréf fyrirtækja, eignavörð bréf, skuldabréf í undirfjárfestingarflokki og verðbólgu tengd skuldabréf sem eru skráð eða miðluð á þróuðum mörkuðum eða nýmörkuðum. Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta eignir í öðrum skuldabréfum, skuldabréfum með breytilegum vöxtum (FRN) og/eða peningamarkaðsbréfum sem gefin eru út hvar sem er í heiminum.

Sjóðurinn er undir virkri stjórn fjárfestingarteymisins okkar, sem velur verðbréf, án tilvísunar til vægis eða stærðar vísitölu, til að reyna að nýta sér þau tækifæri sem það sér. Auk eignasafnsins eru teknar ýmsar markaðsstöður þar sem notast er við blöndu hefðbundinna eigna og fjárfestingarstefna á grundvelli þróaðra afleiðuaðferða. Markmiðið er að draga úr sveiflum í sjóðnum og auka arðsemi. Fjárfestar skulu hafa í huga að þetta mun líklega leiða til þess að sjóðurinn myndar skuldbindingar og tekur áhættu á öðrum mörkuðum en skuldabréfamörkuðum. Því kann afkoman að verða önnur en af skuldabréfum á

skemmri eða meðallöngum tímabilum. Sjóðurinn getur tekið gnótt- og skortstöðu á mörkuðum, í verðbréfum og verðbréfaflokkum í gegnum afleiðusamninga.


Sjóðurinn mun nota afleiður til að draga úr áhættu eða kostnaði eða til að afla viðbótarfjármagns eða tekna með lítilli áhættu (skilvirk eignastýring) og/eða til að ná fjárfestingarmarkmiði sínu. Afleiður verða notaðar til að ná fram öðruvísi markaðsáhættu en hægt væri að ná með fjárfestingu í þeim eignum sem sjóðurinn hefur einkum fjárfest í eða einungis hefðbundnum eignum. Fylgst er með notkun afleiðna til að tryggja að sjóðurinn sé ekki óvarinn fyrir mikilli eða óviljandi áhættu.

Allar tekjur, til dæmis vaxtatekjur, sem sjóðurinn fær, verða endurfjárfestar.

Fjárfestar í sjóðnum geta keypt og selt hlutabréf alla virka daga.

Tilmæli: sjóðurinn hentar ef til vill ekki fjárfestum sem hyggjast taka út fé sitt innan fimm ára. Fjárfestar skulu fullvissa sig um að áhættuviðhorf þeirra samrýmist áhættustefnu sjóðsins áður en þeir fjárfesta.

Áhættu- og ávöxtunarmat



Þessi vísitala sýnir sveiflur á virði hlutdeildar í sjóðnum á síðustu fimm árum sem aftur endurspeglar verðsveiflur þeirra undirliggjandi eigna sem sjóðurinn fjárfestir í. Eldri gögn eru ekki endilega áreiðanlegur vísir um framtíðina.

Þar sem hlutdeildarflokkurinn á ekki fimm ára sögu að baki er notast við annan hlutdeildarflokk, sambærilegan sjóð eða viðeigandi viðmið til að sýna mögulega verðþróun hlutdeildarflokksins á tímabilinu.

Núverandi mat er ekki tryggt og kann að breytast í samræmi við verðsveiflur á eignum sem sjóðurinn fjárfestir í.

Lægsti flokkur þýðir ekki að það sé engin áhætta

Sjóðurinn er í flokki {4} í samræmi við áhrif eftirfarandi áhættuþátta:

- Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum sem búa við þá áhættu að útgafandinn lendi í vanskilum með greiðslur á vöxtum eða fjármagni.
- Verð sjóðsins getur hækkað eða lækkað daglega af ýmsum ástæðum, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, verðbólguvæntinga eða lánstrausti einstakra landa eða verðbréfa.
- Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum og/eða skuldabréfum á nýmörkuðum. Fjárfestingum á nýmörkuðum fylgir mun meiri hætta á tapi en fjárfestingum á þróaðri mörkuðum, meðal annars vegna meiri áhættu hvað varðar stjórnmal, skatta, erlend viðskipti, lausafé og reglugerðir.
- Fjárfestingar í afleiðum hafa í för með sér hættu á verri lausafjárstöðu, talsverðu tapi og auknum óstöðugleika við erfiðar markaðsaðstæður, til dæmis vegna vanefnda markaðsaðila. Notkun afleiðna mun leiða til vagnar í sjóðnum (þar sem fjárhagsleg áhætta og þar með möguleikinn á

tapi sjóðsins er meiri en upphæðin sem hann hefur fjárfest) og við slíkar markaðsaðstæður veldur vogunin auknu tapi. Sjóðurinn nýtir sér afleiður í miklum mæli.

- Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum með hárrí ávöxtunarkröfu sem hafa í för með sér meiri hættu á greiðslufalli en skuldabréf með lægri ávöxtunarkröfu.

Sjóðurinn notast við breytilega verðlagningaraðferð til að verjast þynningaráhrifum viðskiptakostnaðar. Breyting á verðlagningargrunni leiðir til breytinga á útgefnu verði sjóðsins.

Öllum fjárfestingum fylgir áhætta. Sjóðurinn tryggir ekki að ekkert tap verði eða að markmið sjóðsins náist.

Fyrri afkoma gefur ekki vísbendingu um framtíðarafkomu og framtíðarafkoma er ekki tryggt. Verð eigna og tekjur af þeim kunna að lækka, ekki síður en hækka, og ekki er hægt að tryggja það, enda geta endurheimtur fjárfesta verið lægri en upphafleg fjárfesting.

Verðbólga dregur úr kaupmætti fjárfestinga og tekna.

Virði eigna í sjóðnum kann að aukast eða minnka vegna gengissveiflna.

Sjóðurinn kann að tapa fé ef aðili (gagnaðili) sem hann á í viðskiptum við vill ekki eða getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Við mjög slæmar markaðsaðstæður kann að reynast erfitt að verðmeta eða selja tiltekin verðbréf á viðunandi verði. Það gæti haft áhrif á getu sjóðsins til að mæta innlausnum tímanlega.

Sjóðurinn gæti tapað fé vegna mistaka eða tafa í rekstrarferlum og kerfum, þar á meðal, en ekki eingöngu, vegna vanefnda eða gjaldþrots þriðju aðila.

Í gengisvörðum hlutdeildarflokkum er notast við gengisvarnir til að lágmarka áhrif gengissveiflna á milli gjaldeyris hlutdeildarflokksins og grunnjaldmiðils sjóðsins. Ekki er tryggt að þetta markmið náist og engar gjaldeyrisvarnir geta útilokað alla gjaldeyrisáhættu. Áhættuvarnir kunna að takmarka til muna möguleika handhafa gengisvarinna flokka á að hagnast á virðisaukningu á grunnjaldmiðli eignanna sem sjóðurinn fjárfestir í gagnvart gjaldmiðli hlutdeildarflokksins.

Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að greiða kostnaðinn við rekstur sjóðsins, þ. á m. markaðssetningar- og dreifingarkostnað. Þessi gjöld draga úr mögulegum vexti fjárfestingar þinnar.

Stök gjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Skráningargjald	5,00%
Innlausnargjald	0,00%

Þetta er hámarksupphæðin sem er dregin af fé þínu áður en því er fjárfest eða áður en arðurinn af fjárfestingunni er greiddur út.

Gjöld innheimt úr sjóðnum á árstímabili


Viðvarandi gjöld:	1,56%
-------------------	-------

Gjöld innheimt úr sjóðnum við sérstakar aðstæður

Árangursþóknun:	Ekkert
-----------------	--------

Fyrri afkoma

Total Return Credit Fund, safnbréf í A-flokki, 31. Desember 2017



Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili: The Bank of New York Mellon SA/NV, útibú í Lúxemborg

Frekari upplýsingar um Standard Life Investments Global SICAV ('SICAV'), þar á meðal útboðslýsingu, ársskýrslur, ársreikninga, árshlutareikninga og nýjustu hlutabréfaverð, má finna á www.standardlifeinvestments.com, þar sem nálgast má skjöl endurgjaldslaut.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnuna, þar á meðal en ekki takmarkað við, lýsingu á því hvernig laun og hlunnindi eru reiknuð út, og upplýsingar um aðila sem ábyrgir eru fyrir greiðslu launa og hlunninda, þar á meðal upplýsingar um meðlimi starfskjaranefndar, má finna á www.standardlifeinvestments.com og pappírseintak er fáanlegt án endurgjalds á skráðri skrifstofu félagsins.

Skattalöggjöf í heimaríki sjóðsins getur haft áhrif á persónulega skattstöðu fjárfestisins.

Skráningar- og innlausnargjöld eru hámarkstölur. Í sumum tilvikum borgarðu hugsanlega minna. Þú færð frekari upplýsingar hjá fjármálaráðgjafa þínum.

Fjárhæð viðvarandi gjalda miðast við áætluð útgjöld ársins sem lýkur 31/12/2017. Upphæðin getur verið breytileg frá ári til árs. Hún felur ekki í sér árangursþóknun (þar sem við á), viðskiptakostnað verðbréfasafns, nema um sé að ræða skráningar- og innlausnargjöld greidd af hálfu sjóðsins við kaup eða sölu í annarri sameiginlegri fjárfestingu.

Skiptiþóknun að fjárhæð 0,5% kann að eiga við í undantekningartilvikum ef þú flytur fjárfestinguna í annað sjóð á vegum Standard Life Investments Global SICAV.

Nánari upplýsingar um gjöld má finna í eftirfarandi köflum í útboðslýsingu: Útgáfu- og fyrirtækisgjöld; Innlausn hluta á www.standardlifeinvestments.com.

Afkoma var reiknuð út á tilteknu tímabili á grundvelli hlutabréfaverðs í þessum hlutdeildarflokki. Ekki er tekið tillit til skráningar-, innlausnar- eða skiptigjalda, en tillit er tekið til viðvarandi gjalda, sbr. kaflann um gjöld.

Fyrri afkoma gefur ekki vísbendingu um framtíðarafkomu

Sjóðurinn var stofnaður árið 2014. Hlutdeildarflokkurinn var stofnaður árið 2016.

Afkoma hlutdeildarflokksins er reiknuð út í Evra.

Sjóðurinn hefur ekki að markmiði að fylgja vísitölu.

Aberdeen Global Services S.A. ber einungis ábyrgð á yfirlýsingum í þessu skjali sem eru misvísandi, rangar eða ósamkvæmar viðeigandi hlutum í útboðslýsingu sjóðsins.

Aðrir hlutdeildarflokkar í sjóðnum eru tiltækir og frekari upplýsingar má fá í útboðslýsingu. SICAV er regnhlífarsjóður með mörgum ólíkum undirsjóðum. Þetta skjal á við um sjóðinn og hlutdeildarflokkinn sem tilgreindur er efst í skjalinu. Þó eiga útboðslýsingin, ársreikningar og árshlutareikningar við um allan regnhlífarsjóðinn.

Eignir og skuldir hvers undirsjóðs í SICAV eru aðskildar með lögum. Þetta þýðir að eignirnar, sem sjóðurinn fjárfestir í, eru aðskildar frá eignum annarra undirsjóða og engar kröfur á hendur öðrum undirsjóðum hafa áhrif á fjárfestingu þína.

Fjárfestar geta skipt á hlutdeild sinni í sjóðnum fyrir hlutdeild í öðrum undirsjóði innan SICAV. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu.

Standard Life Investments Global SICAV hefur starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti Commission de Surveillance du Secteur Financier (CSSF). Þessar lykilupplýsingar eru réttar hinn 01/10/2018

Aberdeen Standard Investments er vörumerki fjárfestingarstarfsemi Aberdeen Asset Management og Standard Life Investments. Aberdeen Global Services S.A. hefur starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti CSSF.